*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 141/274*
*komudagur 31.10.2012*

Hafnarfirði, 31.oktober 2012.

**Efni: Athugasemdir við lagafrumvarp um vopn, sprengiefni og skotelda.**

Vísað er til fréttar á vefsíðu innanríkisráðuneytisins þann 13. janúar sl. um drög að lagafrumvarpi um vopn, sprengiefni og skotelda. Veittur var frestur til 30. jan. nk. til þess að skila athugasemdum við frumvarpsdrögin til ráðuneytisins. Undirritaður óskar eftir því að koma að eftirfarandi athugsemdum við efni frumvarpsins.

Rétt er að geta þess að frumvarpið og efni þess varðar mjög hagsmuni undirritaðs, sem er eigandi að einu stærst skotvopnasafni í einkaeigu á Íslandi. Í eigu undirritaðs eru alls um 200 vopn. Eru þau öll skráð og fyrir þeim leyfi lögum samkvæmt, sem Ríkislögreglustjóri veitir. Vopnasafnið er geymt í sérhönnuðu húsnæði í eigu undirritaðs, og er tryggilega frá þeim gengið með sérstökum öryggislæsingum sem að ríkislögreglustjóri vottar og gefur leyfi fyrir. Undirritaður hefur sem safnari safnaraleyfi nr. 1 á Íslandi, útgefið af Ríkislögreglustjóra (alls eru 27 leyfi útgefin).

Eins og gefur að skilja hefur undirritaður fest verulega fjármuni í kaup á vopnum í tengslum við þetta áhugamál. Verðmæti vopnasafnsins nemur varlega áætlað um 40 milljónum króna. Fjárfestingar þessar og söfnun vopnanna hefur eðlilega tekið mið af þeim lagaramma um vopnaeign sem gilt hefur á Íslandi, en öll þau vopn sem undirritaður á í vopnasafninu eru lögleg og uppfylltar eru allar reglur um skráningu og leyfi fyrir hverju og einu vopni.

Ein stærsta breytingin sem varðar undirritaðan og safn hans er að finna í 16. gr., sbr. 6. gr. frumvarpsdraganna. Með 16. gr. er ætlunin að leiða í lög að enginn megi eiga eða fara með þá hluti sem segir í 1. mgr. 6. gr. laganna. Meðal þeirra vopna sem bönnuð eru skv. 1. mgr. 6. gr. eru sjálfvirkar eða hálfsjálfvirkar skammbyssur (2. tl.) og sjálfvirkur eða hálfsjálfvirkur riffill (3. tl.). Af reglunum leiðir því að undirrituðum yrði óheimilt að eiga þessar gerðir vopna, ef frumvarpsdrögin yrðu að lögum óbreytt.

Þó koma til skoðunar í þessu sambandi ákvæði 2. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í frumvarpsdrögum. Ekki virðist ljóst af lestri þeirra ákvæða hvort að undirrituðum yrði heimilt að eiga vopn þessi áfram eða ekki, enda eru ákvæðin misvísandi. Skilja má 2. mgr. á þann veg að vopn þau sem undirritaður hefði fengið leyfi fyrir og eru lögleg samkvæmt gildandi lögum, yrðu ekki bönnuð, þ.m.t. ofangreindar tegundir vopna. Þá má hins vegar skilja 3. mgr. ákvæðisins á þann veg að óheimilt verði fyrir undirritaðan af eiga vopn þessi þegar að leyfi fyrir þeim rennur út.

Sé síðari skilningurinn réttur þá blasir við að frumvarpsdrögin gera ráð fyrir eignaupptöku á hluta þeirra vopna sem eru í eigu undirritaðs, þ.e. eigi síðar en í kjölfarið á því að leyfi fyrir þeim rynni út, sbr. eignnig 44. gr. frumvarpsdraga. Þá ætti hið sama við í tilviki undirritaðs vegna þeirrar reglu sem er að finna í ákvæði 1. mgr. 19. gr. frumvarpsdraga, um að leyfilegur fjöldi skotvopna hjá einum aðila verði ekki meiri en 20 vopn.

Vandséð verður í hvaða tilgangi verið er að banna sem dæmi framangreind vopn eða takmarka fjölda þeirra. Undirritaður bendir á að með réttri beitingu núgildandi löggjafar að þessu leyti sé unnt að tryggja með nægjanlegum hætti öryggi, ef það er megin inntakið með ákvæðum frumvarpsdraga um hert skilyrði fyrir skotvopnaeign.

Eins og áður segir hefur undirritaður sem safnari fengið leyfi fyrir öllum þeim vopnum sem hann á, enda eru þau öll lögleg samkvæmt gildandi löggjöf. Felst hróplegt óréttlæti og brot gegn grundvallarreglum, að gera þeim sem eignast hafa vopn með lögmætum hætti og fengið leyfi fyrir þeim, og varið þannig fjármunum sínum í vöru sem leyfð hefur verið, að losa sig við vopn sín með litlum fyrirvara að viðlagðri eignaupptöku. Gefa verður lítið fyrir þau rök að unnt sé fyrir safnara að losa sig við vopnin. Ekki er til í dæminu að losa sig við slík ólögleg vopn nema með sölu þeirra til útlanda. Undirritaður telur útilokað að unnt verði fyrir hann að koma öllum þeim vopnum sem hann á í verð á þessum knappa tíma sem ráðgerður eru samkvæmt frumvarpsdrögum. Einnig verður að telja sölu vopnanna til útlanda óraunhæfan kost sökum þess að meira en þriðjungur af andvirði þeirra fælist í opinberum gjöldum. Ríkisvaldið væri því að neyða eigendur vopna til þess að selja þau frá sér með lögum og ná um leið af þeim verulegu hlutfalli söluverðs í gegnum opinber gjöld. Þá er ónefnt að innflytjandi skotvopns þarf að skrifa undir plagg sem heitir Certification of foreign end user, sem kveður á um að kaupandi skotvopns selji ekki viðkomandi skotvopn úr landi nema með skriflegu leyfi seljanda, sem gerir möguleika á útflutningi engan.

Undirritaður telur því frumvarpsdrögin fela í sér ólögmæta eignaupptöku og eignarnám. Eignarnám verður ekki gert nema almannahagsmunir krefji og ekki án bóta. Ekki verður séð hvaða almannahagsmunir krefjist þess að gera tiltekin vopn í eigu safnara, sem leyfð hafa verið og geymd eru í öruggum geymslum vottuðum af lögregluyfirvöldum, upptæk. Fyrirsjáanlegt er því að frumvarpsdrögin, ef þau verða af lögum, brjóti gegn eignarvernd manna sem varin eru af stjórnarskrá og leiði til bótaskyldu ríkisins.

Undirritaður tekur fram að frumvarpsdrögin hafa þrátt fyrir framangreint að geyma margvíslegar aðrar reglur sem eru til bóta. Að sama skapi gerir hann þá kröfu að framangreind ákvæði frumvarpsdraga verði tekin til endurskoðunar af hálfu ráðuneytisins.

Virðingarfyllst,

Guðjón Valdimarsson
Skógarási 12
221 Hafnarfjörður.

gaui@flug.is